



Samningur um nemendaskáp 2020 - 2021

Skilmálar

Nemandi hefur kost á að fá nemendaskáp og lás leigðan frá skólabyrjun til 1. júní ár hvert og er leigan 1500 kr.

Skili nemandi skápnunum í góðu ásigkomulagi og á réttum tíma fær hann 1000 kr. endurgreiddar.

Ekki er boðið upp á að nemendur komi með lása að heiman.

Skáp er ekki úthlutað nema með samþykki og undirskrift forráðamanns.

Gangi nemandi ekki vel um skápinn getur hann átt á hættu að skápurinn verði tekinn af honum og fær hann jafnvel ekki skáp í framtíðinni, auk þess sem hann fyrirgerir rétti sínum til endurgreiðslu.

Ég,

nemandi í _____ bekk í Stóru-Vogaskóla samþykki ofangreinda skilmála og óska eftir því að fá nemendaskáp úthlutað fyrir skólaárið.

Vogum _____ / _____ 20____

Undirskrift nemanda

Undirskrift forráðamanns

Nemendaskápar í Stóru-Vogaskóla - reglur og skilmálar

Nemendur í unglíngadeild Stóru-Vogaskóla hafa kost á að fá geymsluskáp til afnota. Nemendur fá talnalása frá skólanum og bera því fulla ábyrgð á að læsa skápnum sínum og passa upp á að hafa þar dót sem ekki á að geyma á göngum skólans.

Skápum er ekki úthlutað nema með samþykki og undirskrift forráðamanns.

Í upphafi vetrar eru allir skápar hreinir og yfirfarnir. Skápar og lásar eru númeraðir og fá nemendur lás að tilteknum skáp til afnota. Í sumum tilvikum verða nemendur að deila skáp með öðrum.

Nemendur greiða 1.500 krónur í leigu og fá þá lás afhentan. Nemandi velur talnarunu sem deildarstjóri skráir, ekki er heimilt að breyta talnarunu nema í samráði við deildarstjóra.

Ef skáp og lás er skilað að vori í sama ásigkomulagi og að hausti fær nemandinn endurgreiddar 1.000 krónur. Nemendur og forráðamenn undirrita tryggingarsamning vegna afnota af skápnum. Ef endurnýja þarf lás getur nemandi greitt 1.000 krónur til kaupa á nýjum lás eða að endurgreiðsla að vori falli niður.

Ef nemandi missir rétt sinn til skápanotkunar vegna slæmrrar umgengni (veggjakrot, rispur, sóðaskapur) – þá er ekki um neina endurgreiðslu að ræða. Tryggingarfjárhæð rennur til viðgerðar á skápnum.

Vilji nemandi halda skápnum áfram að ári þarf ekki að greiða aftur 1.500 krónur, endurgreiðslan fer þá að sama skapi ekki fram fyrr en nemandi hættir að nota skáp.

Nemendum ber að skila lásnum að vori áður en skóla lýkur. Skólinn ábyrgist ekki verðmæti sem kunna að tapast í skólanum. Ef nemendur verða uppvísir að skemmdum á nemendaskápum verða þeir (og forráðamenn) krafðir um greiðslur vegna tjónsins.

Ef nemendur verða varir við að unnar hafa verið skemmdir á skápnum þeirra eru þeir ábyrgir fyrir því að tilkynna það strax til deildarstjóra.

Skólinn áskilur sér rétt til leitar í nemendaskápum ef nauðsyn krefur s.s. ef grunur leikur á að öryggi nemenda sé í húfi eða að ólögmetir hlutir leynist í nemendaskáp.

Gerist nemandi brotlegur varðandi notkun og umgengni um nemendaskáp gæti hann átt á hættu að missa skápinn sinn.

MUNIÐ – Skáparnir eiga ávallt að vera lokaðir og læstir þegar eigandi er ekki nærri.